

Fundur í foreldraráði Undralands 22. mars 2024 kl 15:00

Mættar voru Anna Erla Valdimarsdóttir og Elín Norðdahl, Guðrún Magnea Guðnadóttir, Irpa Hlynsdóttir og Sjöfn Ingvarsdóttir

1. Læsisstefna Undralands.
Drög að Læsisstefnu lögð fyrir foreldraráð til yfirferðar og samþykktar. Foreldraráð samþykkti með örlitlum lagfæringum og stefnan verður þar með lögð fyrir Skólanefnd og að loknu samþykki hennar verður stefnan birt á heimasíðu leikskólans.
2. Aftur var rætt um hækkun gjalds í Foreldrafélag leikskólanna og mál tengd Foreldrafélaginu. Foreldrafélag svaraði fyrirspurn um fyrirkomulag ákvörðunar um hækkun á þá leið að foreldraráðin tækju þá ákvörðun. Næst á dagskrá er því að foreldraráð beggja leikskóla hittist til að ákvarða gjaldið. Anna Erla heyrir í Óskalandi varðandi það.
3. Umræður um fulltrúa foreldra leikskólabarna í Skólanefnd Hveragerðisbæjar. Áður hefur fulltrúi úr Foreldrafélagi leikskólanna setið fyrir hönd foreldra leikskólabarna en undanfarið hefur einungis verið fulltrúi foreldra grunnskólabarna. Fyrirspurn send til Skólanefndar.

Fundi slitið kl 15:40.

Næsti fundur er 7. júní kl 8:15